



Sambætting lestrarkennsluaðferða

Hljóðaaðferð og Byrjendalæsi

Sigrún Birna Sigurðardóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs
Deild kennslu- og menntunarfræði



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Sambætting lestrarkennsluaðferða

Hljóðaaðferð og Byrjendalæsi

Sigrún Birna Sigurðardóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í grunnskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Margrét Sigríður Björnsdóttir

Deild kennslu- og menntunarfræði
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Janúar 2019

Samþætting lestrarkennsluaðferða

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs
í grunnskólakennarafræði við deild kennslu- og menntunarfræði,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Sigrún Birna Sigurðardóttir 2019

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Lestrarkennsla er einn af mikilvægustu þáttum grunnskólagöngunnar og fyrstu ár grunnskólans skipta miklu máli fyrir áframhaldandi nám og framtíð, að nemendur fái rétta leiðsögn til að ná góðri færni í lestri. Til er fjöldinn allur af aðferðum, bæði gamlar sem nýttar hafa verið við kennslu í lengri tíma sem og nýrri aðferðir, en kennarar þurfa að kunna skil á fleiri en einni aðferð og geta beitt þeim í kennslu þar sem fjölbreytni er talin skipta máli varðandi árangur nemenda. Þannig er hægt að ná til fjölbreytts nemendahóps og finna hvaða aðferð hentar hverjum og einum best til árangurs. Markmið ritgerðarinnar er að skoða kosti þess að flétta saman tveimur kennsluaðferðum við lestrarkennslu á yngsta stigi grunnskóla sem eru Hljóðaaðferð og Byrjendalæsi og verða þær skoðaðar nánar. Til þess að komast að niðurstöðum ritgerðarefnis er notast við heimildaleit og tekið viðtal við tvo samkennara sem flétta saman þessum tilteknu aðferðum. Áður en meginefni ritgerðarinnar er kynnt skilgreinum við kennsluaðferðir og lestrarkennsluaðferðir betur og skoðum þar nokkrar aðferðir sem nýta má við lestrarkennslu á yngsta stigi grunnskóla. Námsmat og kennsluhættir lesturs út frá Aðalnámskrá grunnskóla 2013 er einnig skoðað. Í niðurstöðum kemur fram að aðferðirnar hafa svipuð markmið en ólíka kennsluhætti en til þess að ná til fjölbreytts nemendahóps er mikilvægt að flétta saman aðferðunum.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	6
1 Inngangur	7
2 Kennsluaðferðir	8
3 Lestrarkennsluaðferðir	10
3.1 Hljóðaaðferð	11
3.2 Byrjendalæsi	14
4 Fjölbreyttir kennsluhættir	16
4.1 Námsmat og kennsluhættir lesturs	16
4.2 Kostir og gallar aðferðanna	17
5 Árangursrík lestrarkennsla	19
6 Umræður og niðurlag	22
7 Lokaorð	24
Heimildaskrá	25
8 Fylgiskjal	27

Formáli

Lestrarkennsla á yngsta stigi hefur vakið mikinn áhuga hjá mér í náminu og þá sérstaklega aðferðir sem kennarar nýta sér við kennsluna og fjölbreytni við verkefnavinnu nemenda. Ritgerðarvinnan hefur aukið þekkingu mína til muna og tel ég mig betur undirbúna til lestrarkennslu á yngsta stigi.

Ég vil sérstaklega þakka leiðbeinanda mínum Margréti Sigríði Björnsdóttur fyrir þolinmæði, skilning og góða leiðsögn við skrifin. Síðan vil ég þakka fjölskyldu minni og vinum fyrir skilninginn og góðan stuðning.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér Siðareglur Háskóla Íslands (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta Staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 15. janúar 2019

Sigrún Bírna Sígurðardóttir

1 Inngangur

Kennsluaðferðir sem notaðar eru við kennslu geta skipt máli til þess að árangur náist hjá nemendum. Nemendur og kennarar þurfa að þekkja til fleiri en einnar aðferðar og áhersla kennara þarf að vera á það hvernig kennslan getur náð til hvers og eins. Til er fjöldinn allur af kennsluaðferðum sem nýta má við lestrarkennslu og jafnvel hægt að samþætta kennsluna við aðrar námsgreinar. Aðferðir geta staðið yfir í langan eða stuttan tíma og oft nota kennarar fleiri en eina aðferð í sömu kennslustund eða beita sömu aðferð yfir langan tíma. Markmið kennslunnar þurfa að vera skýr og áhersla þarf að vera á nemendur og á getu þeirra. Skipulag kennslunnar, samskipti kennarans við nemendur og námsefnið sem kennt er skal vera vandað og hvernig kennarinn beitir aðferðum (Ingvar, 2013).

Á fyrsta ári grunnskólagöngunnar er lestur miðpunkturkennslunnar, nemendur hafa ólíkan bakgrunn og tala sitt móðurmál, sumir íslensku en aðrir hafa hana sem annað tungumál. Fjölbreytni við kennslu er því mikilvæg því þannig ná kennarar til ólíkra nemendahópa. Með lestrarkennslu þarf að byggja upp sjálfstæði og áhuga hjá nemendum. Mikilvægt er að nemendur og kennarar þekki til fleiri en einnar aðferðar því þannig vita nemendur hvað hentar þeim við lestur og til skilnings. Kennarar eiga að þekkja til veikleika og styrkleika nemenda í náminu, vita hvernig skal kenna og hvað hver og einn þarf til að ná árangri í náminu (Combs, 2012).

Við upphaf ritgerðarinnar skoðum við kennsluaðferðir sem nýta má við fleiri en eina námsgrein sem og lestrarkennsluaðferðir sem hægt er að flétta saman við aðrar aðferðir í kennslu. Í ritgerðinni skoðum við Byrjendalæsi og Hljóðaaðferð, hvort munur sé á þeim aðferðum og hvernig flétta megi aðferðirnar saman til að ná til sem flestra nemenda. Skoðaðir verða kennsluhættir hvorrar aðferðar fyrir sig ásamt áherslum og markmiðum aðferðanna. Farið verður yfir það hvernig námsmat og kennsluhættir lesturs er sett upp í Aðalnámskrá grunnskóla 2013. Viðtal var tekið við tvo samkennarar sem kenna á yngsta stigi við grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Kennararnir nota kennsluhætti Byrjendalæsis en nýta einnig aðrar aðferðir eins og Hljóðaaðferðina til að styðja við kennsluna. Innan kennsluskipulags Byrjendalæsis er einnig notuð Hljóðaaðferð sem nefnist tæknihlíð lestrarnámsins. Ég vil því skoða muninn á aðferðunum Byrjendalæsi og Hljóðaaðferð ásamt því hvernig ná má árangri í lestrarkennslu með því að flétta þær saman.

2 Kennsluaðferðir

Til er fleiri en ein skilgreining á kennsluaðferð, til að mynda er talað um kennsluaðferð sem eitthvert mynstur sem er notað í kennslu til þess að markmið nemenda náist en einnig að kennsluaðferð sé leið til þess að nemendur takist á við að vinna við tiltekin námsverkefni. Hvernig kennari skipuleggur kennsluna, viðfangsefni, námsefni og samskipti kennara við nemendur, er skilgreining á hugtakinu sem sett er fram í Litrófi kennsluaðferðanna eftir Ingvar Sigurgeirsson. Ekki eru sett nein tímamörk á hve langt tímabil hver kennsluaðferð á að standa yfir, hvort sem hún standi yfir heilt ár, mánuð eða eina kennslustund. Kennarar nýta oft á tíðum fleiri en eina aðferð við kennslu. Fjöldi mismunandi aðferða er til og ekki er hægt að segja að ein aðferð henti betur en einhver önnur. Það sem skiptir máli er að kennslan nái til hvers og eins, með því námsefni sem kennt er og til þess þarf kennarinn að þekkja til fleiri en einnar aðferðar (Ingvar Sigurgeirsson, 2013).

Kennsluaðferðir geta á margan hátt verið ólíkar, markmið aðferðanna geta bæði verið mismunandi en einnig haft sömu markmið, það sem skiptir máli er hvernig kennarinn beitir aðferðinni. Kennari þarf að beita aðferðinni með markvissum hætti, kennsluaðferð má móta og laga eftir þörfum (Ingvar, 2013). Námsgögn og kennsluaðferðir sem nýtt eru við kennslu þurfa að vera fjölbreytt og vönduð. Áhersla í námi er á nemendur og stuðningur við þá það er að segja hvernig samskiptahættir, kennslutæki, námsgögn og aðferðir er notaðar við kennslu. Kennslan þarf að höfða til getu, aldurs og þroska nemenda og viðfangsefnis kennslunnar. Skylda grunnskóla er að hver nemandi fái bestu tækifæri til náms og þroska (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013).

Kennslan þarf að miðast við reynslu og þarfir nemenda þannig að hún verði í samræmi við getu þeirra og fjölbreytni í kennslu er því mikilvæg, nemendur eru misjafnir og fyrri þekking ekki sú sama. Vönduð kennsla fer eftir þörfum og stöðu allra nemenda í skóla án aðgreiningar og eykur þannig líkur á árangri (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Mikilvægt er að kennari setji fram skýr markmið með kennslunni það er að segja svari þeirri spurningu, hvað nemendur eigi að læra. Kennari þarf að hafa í huga við skipulagningu kennslunnar hvaða efni á að miðla til nemenda, þekkingu sem þeir eiga að hafa og afla sér og skilning þeirra sem á að skerpa (Ingvar, 1999). Kennsluaðferðir eru margar og hægt er að nýta ýmsar aðferðir við fleiri en eina námsgrein og jafnvel til þess að samþætta fleiri námsgreinar.

Söguaðferð er kennsluaðferð sem getur auðveldað kennurum við að samþætta námsgreinar og virkja nemendur við námið (Ingvar, 1999). Aðferðin byggir á því að nemendur endurskapa sögusvið og sögupersónur, unnið er með texta og myndir frá nemendum sem byggja á öðrum textum. Heimurinn er það sem nemendur búa til þar er unnið með leikræna tjáningu og ritun. Nemendur vinna mikið með textann, gefa honum líf og bæta við frásögnina.

Hugarkort eru mikið notuð við kennslu, þau gefa gott yfirlit um það kennsluefni sem nemendur eru að læra. Með því sjá nemendur sjá betur hvernig uppbygging efnisins er og samhengi. Nemendur geta svo unnið nánar með hugarkortið og bætt við sínum athugasemdum (Ragnheiður Gestsdóttir og Ragnheiður Hermannsdóttir, 1995). Hlustun er aðferð í kennslu sem nýta má við fleiri en eina námsgrein. Mikilvægt er að kennari kynni sér efnið vel áður en nemendur hlusta á það og hafa skýran tilgang með hlustuninni. Hljóðsaga er oft notuð við innlöggn á bókstaf í lestrarkennslu, þá heyra nemendur bókstafinn borinn fram og læra þannig betur hljóð hans.

Vinnubókarkennsla er mikið notuð í skólum, nemendur skrifa þá úrlausnir verkefna í vinnubækur. Nemendur telja vinnubókarvinnu oft léttari meðal annars vegna þess að þeir þurfa þá ekki að vita nákvæmlega hvernig best er að setja fram lausnina eða skipuleggja svör sín. Námið í leik er aðferð þar sem nemendur læra í gegnum leikinn, gott er að nota hana við þulunám og þjálfun. Námið í leik er mikið notuð við lestrarkennslu, þar eru nemendur til dæmis að leggja á minnið orðmyndir með samstæðuspili en við nýtingu leiks í námi þarf skipulag kennarans að vera gott (Ragnheiður Gestsdóttir og Ragnheiður Hermannsdóttir, 1995).

3 Lestrarkennsluaðferðir

Samkvæmt aðalnámskránni er mikil áhersla lögð á fjölbreytni kennsluaðferða, viðfangsefna og verkefnavinnu og á það einnig við um aðferðir í lestrarkennslu. Hver og einn nemandi hefur alist upp við máluppeldi að einhverju leyti, margir við íslensku sem móðurmál en aðrir við annað tungumál. Fjölbreytileiki kennslunnar er því mikilvægur, allir nemendur þurfa að njóta sín í kennslu og miðla þeirri þekkingu sem þeir hafa, skapandi hugsun og reynslu sinni á þann hátt sem hver og einn er fær um. Viðfangsefni og áhersla lestrarkennslunnar þarf að auka við þekkingu nemenda á máli og styrkja málnotkun þeirra bæði í tali og riti (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Hlutverk kennarar er að leggja áherslu á máltilfinningu og málþroska hjá börnum og efla hann, nám í gegnum leik er til dæmis góð þjálfun. (Ragnheiður Gestsdóttir og Ragnheiður Hermannsdóttir, 1995).

Lestur er nauðsynlegur til þess að nemendur viti hvernig eigi að túlka og skilja ritmál. Fyrstu æviár barnsins eru mikilvæg tilað efla góða færni við lestur. Þar koma foreldrar og leikskólar sterkir inn, ef nemendur hafa góðan málþroska áður en grunnskólaganga hefst, eru þeir betur búnir undir lestrarnám (Steinunn Torfadóttir, e.d.b). Börn hafa ólíkan bakgrunn og eru misjöfn, þau hafa ekki sama skilning og túlkun á áhrifum umhverfisins. Sjónminni er gott hjá sumum nemendum, þar með eiga þau auðveldara með að læra myndir orðanna. Aðrir nemendur hafa betra heyrnaskyn þá eiga þau auðveldara með hljóð bókstafanna. En svo eru nemendur sem þurfa að hafa meira fyrir náminu. Þeir einstaklingar þurfa frekari þjálfun til dæmis að herma eftir, æfa talhreyfingar, hlusta vel og margt fleira (Björgvin Jónsteinsson, Ragnheiður Hermannsdóttir og Þóra Kristinsdóttir, 1993).

Eitt af mikilvægum markmiðum lestrarkennslu er að nemandi öðlist sjálfstæði þannig að hann sem einstaklingur verði sjálfur fær um að velja lesefni, viti hver gæði textans eru og tengsl við þörf hans, áhuga og nám. Barnið þarf að læra að beita fleiri en einni aðferð við lestur og til skilnings á texta en einnig að velja lestrarefnið í samræmi við hver tilgangur lestrarins er. Mikilvægt er að nemendur og kennarar skapi umræður og efla samskipti sín um þau verkefni sem unnið er að svo sem lestur og ritun. Textar nemenda þurfa að vera fjölbreyttir, þeir eiga ekki aðeins að vera á pappír heldur einnig á rafrænu formi. Hann er oft á tíðum samsettur af rituðum texta, tákmyndum, hljóði, hreyfimynd, myndum og látbragði. Mikilvægt er að nemandi lesi texta með gagnrýnum huga og þarf hann að kunna ýmsar leiðir til túlkunar og skilnings (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013).

Grunnbáttur fyrir góðum árangri í lestri er að lestrarkennslan höfði til allra nemenda, kenna þarf nemendum aðferðir sem henta og jafnvel kenna í minni hópum. Við kennslu á yngsta stigi grunnskóla þurfa kennarar að huga vel að nemendum, þekkja styrkleika og veikleika þeirra í lestri. Þeir nemendur sem eiga við erfiðleika að stríða þurfa mikla og nákvæma kennslu. Val á textum og viðfangsefnum þarf að vera vandað, nákvæmt og fjölbreytt. Til þess að árangur náist er mikilvægt að kennarar hvetji nemendur í því að lesa sjálfstætt. Kennarar þurfa að fylgjast með framförum nemenda, með því að gera það þurfa þeir að meta lesturinn reglulega en mikilvægast af öllu er að nemendum líði vel í kennslustofunni og að þeir þori að taka áhættu, gera mistök og hafi trú á sjálfum sér (Combs, 2012).

Það sem aðgreinir lestrarkennsluaðferðir er oft á tíðum það hvort kennslan gangi út frá grunneiningum málsins það er hljóðum og bókstöfum eða heildinni, heilum orðum og setningum. Nemendur nýta sér líklega báðar þessar aðferðir og því þurfa þau að fá kennslu með báðum aðferðum til að þekkja til þeirra og vita hvað hentar þeim við námið. Það sem skiptir máli við lestrarkennslu er að barnið sé virkt í námi sínu og að aðferðirnar höfði til flestra nemenda. Ýmiss vinnubrögð sem viðhöfð eru í lestrarkennslu má einnig nota í kennslu annarra námsgreina (Ragnheiður og Ragnheiður, 1995) en hér á eftir verða kynntar tvær lestrarkennsluaðferðir sem eru Hljóðaaðferð og Byrjendalæsi.

3.1 Hljóðaaðferð

Hljóðaaðferð er lestrarkennsluaðferð fyrir nemendur á yngsta stigi grunnskóla, hún hefur lengi verið notuð hér á landi (Helga Sigurmundsdóttir, 2011a). Við kennslu eftir Hljóðaaðferðinni er farið í alla þá nauðsynlegu undirstöðupætti sem nýtast vel til að ná tókum á lestri (Helga Sigurmundsdóttir, 2011b). Aðferðin gengur út á það að nemendur átti sig á að bókstafirnir mynda hljóðin í orðunum, Hljóðaaðferðin beinist því aðallega að því að kenna nemendum sambandið á milli hljóðs og stafs (Steinunn Torfadóttir, e.d.a). Ef nemendur skilja tengslin á milli hljóðs og stafs er það meginforsenda þess að þeir geti lesið texta (Freyja Birgisdóttir, 2011). Nemendur byrja strax í upphafi lestrarkennslu að læra stök hljóð bókstafa. Eftir að hafa lært fleiri en einn bókstaf og hljóð hans tengja þeir hljóðin saman og mynda eins atkvæða orð. Þegar lengra er komið í lestrarkennslunni byrja nemendur að lesa lengri orð en þá er orðunum yfirleitt skipt niður í orðhluta til þess að nemendur eigi auðveldara með lesturinn (Helga, 2011a).

Sjónrænn lestur er það sem stefnt er að á fyrstu árum lestrarkennslunnar en grundvöllur þess að ná tökum á þeirri færni er að nemandi þekki alla bókstafina, hljóð þeirra og umskráningu (Helga, 2011a). Sjónrænn lestur telst vera árangursríkasta og hraðvirkasta aðferðin til að lesa texta og ná þá betri lesskilningi. Nemendur sem hafa náð tökum á sjónrænum lestri þurfa ekki að einbeita sér lengur að orðinu sjálfu, það er að segja að hverju hljóði og bókstaf orðsins sem þeir lesa. Sjónrænn lestur er þegar nemandi getur þekkt orðin sjálfvirk, hratt og fyrirhafnarlaust (Steinunn Torfadóttir, e.d.c). Umskráning er þegar bókstöfum er breytt í hljóð og þau svo tengd saman, nemandur verða að ná góðri færni í þessum þætti lestrarnámsins til þess að efla sjónrænan lestur (Helga, 2011a).

Hljóðaaðferðin er aðferð sem nýtist vel við kennslu á umskráningu en áhersla umskráningarinnar er þó ekki einungis sú að nemandur hljóði sig í gegnum orðin heldur er lögð áhersla á að nemandur þjálfist í sjónrænum orðaforða og geti þá einbeitt sér að lesskilningi (Steinunn Torfadóttir, e.d.d). Áherslan með Hljóðaaðferðarinni er að nemandur átti sig á lögmáli bókstafanna og hvernig hljóð þeirra tengjast og mynda orð. Við lestrarkennslu með Hljóðaaðferðinni er aðeins einn bókstafur kenndur í einu og svo annar, þriðji og svo framvegis (Helga, 2011b).

Samtengjandi aðferð er það sem Hljóðaaðferðin byggir á þar sem farið er í einingar málsins við upphaf kennslunnar en það felst í því að bókstafir eru kenndir ásamt viðeigandi máhljóði. Þegar seinna er komið í kennslunni mynda nemandur orð og setningar úr þeim hljóðum sem kennd hafa verið. Við byrjun kennslunnar eftir Hljóðaaðferð er hljóðið æft í talmáli.

Hljóðsaga eða textar fylgja hverri innlögn á bókstaf, eða kennarinn talar um mynd eða hlut sem hann sýnir í tengslum við það hljóð sem lært er. Þegar hljóðsaga er notuð innihalda mörg orðanna það hljóð sem nemandur eru að læra og kennarinn fer dýpra í þau orð. Að kynna hljóðin með þessum hætti er mikilvæg byrjun kennslunnar. Þegar nemandur hafa fengið æfingu við að mynda hljóðið og heyrt hvernig það er borið fram er farið að vinna við verkefni í tengslum við bókstafinn (Björgvin, Ragnheiður og Þóra, 1993).

Þegar nemandur vinna að verkefnum í tengslum við það hljóð sem þeir eru að læra þá finna þeir til dæmis orð sem innihalda hljóðið og hvar það er staðsett í orðinu, fremst, aftast eða fyrir miðju. Nemandur læra táknið og hvernig á að skrifa bókstafinn, gott er að kennarinn tengi táknið við reynsluheim nemenda það er að segja finni tákni úr raunveruleikanum sem er í líkingu við bókstafinn því þannig festist það betur í minni þeirra. Nemandur byrja á því að

skrifa bókstafinn í loftið eftir fyrirmynd, á borðið með fingrinum eða móta hann með leir, perlum, pinna og svo framvegis. Síðan skrifa þeir bókstafinn á óstrikað blað og læra muninn á stórum og litlum staf. Þegar nemendur hafa farið í gegnum þetta ferli með fleiri en einn bókstaf er þeim kennt að láta bókstafina heilsast og þannig myndast tveggja stafa orð (Björgvin, Ragnheiður og Póra, 1993).

Til eru fleiri en ein aðferð sem tilheyrir Hljóðaaðferðinni, kennarar sem kenna eftir henni geta notað eitthvað úr hverri aðferð við lestrarkennslu á yngsta stigi (Helga, 2011b). Greinandi Hljóðaaðferð er ein af aðferðum Hljóðaaðferðarinnar þar er nemendum er kenndur framburður á nokkrum stöfum án þess að farið sé of djúpt í hvern bókstaf fyrir sig og hljóð hans. Hliðstæður er aðferð þar sem nemendur lesa orð með því að bera það saman við annað orð sem þau þekkja fyrir. Nemendur para hluta orða saman við önnur orð sem innihalda samskonar stafi (Penny Doherty, 2015).

Nákvæm Hljóðaaðferð er kennsla á tengslum bókstafa og hljóða. Nemendur læra með henni að sundurgreina orð og tengja þau svo strax aftur saman, þannig öðlast nemendur skilning á tengslum bókstafa og hljóða. Þegar orðin fara að lengjast er byrjað á því að skipta orðunum niður í orðhluta og nemendur hljóða sig í gegnum orðið. Við skiptingu orðsins í hluta kemur hljómmynd orðsins betur fram og gerir þannig nemendum auðveldara fyrir að greina hvaða orð þeir lesa og merkingu þess. Eftir að nemandi hefur fest þessa nákvæmu hljóðrænu umskráningu orðsins í huga sér fer það að festast í sjónorðasafni nemandans (Penny, 2015).

Nemendum er kennd ritun samhliða öllum þeim aðferðum sem tilheyrir Hljóðaaðferðinni nemendur læra þá að hlusta eftir hljóðunum í orðinu og skrifa þau niður með þeim bókstöfum sem eiga við hvert hljóð. Ritun hentar sérstaklega vel í kennslu með nákvæmu Hljóðaaðferðinni (Penny, 2015). Nemendur þurfa að þekkja lögmál bókstafanna það er að segja tengslin á milli hljóðs og bókstafs ásamt hljóðavitund og þá er mikilvægt að þeir geti sundurgreint og tengt hljóð saman, læri stóra og litla bókstafi útlit þeirra og heiti. Þegar nemendur hafa náð tökum á þessum færniþáttum eiga þeir auðveldara með að lesa óþekkt orð. Hljóðavitund er þegar nemendur skilja að orð eru sett saman úr runu af hljóðum sem táknuð eru með bókstöfum. Hljóðaaðferðin eflir sjónrænan orðaforða og lesfimi sem auðveldar nemendum að einbeita sér betur að lesskilningi (Helga, 2011b).

Nemendur þurfa að þekkja heiti bókstafanna og hljóð þeirra, þessa þekkingu fá nemendur ekki aðeins í kennslustundum í grunnskóla heldur er lestur heima fyrir og undirbúningur í

leikskóla mikilvægt til þess að ná tökum á þessum færniþáttum. Umhverfislegir þættir skipta þó ekki öllu máli heldur einnig hvernig nemendur geta unnið með hljóðkerfið í tungumálinu (Freyja, 2011). Þeir nemendur sem teljast til góðra lesara geta lesið hvern bókstaf orðanna af nákvæmni og þurfa ekki að beina athygli að framkvæmdinni. Þessa færni þróa nemendur og þjálfar í gegnum fleiri en einn þátt lestrar það er, umskráningu, hljóðkerfisfærni, orðaforða og lesfimi (Steinunn, e.d.d).

3.2 Byrjendalæsi

Lestrarkennsluaðferðin Byrjendalæsi er fyrir nemendur í fyrsta, öðrum og þriðja bekk í grunnskóla. Nemendur koma inn í grunnskóla með misjafna færni og ólíkan bakgrunn, einstaklingar hafa alist upp við íslensku en margir nemendur hafa annað móðurmál.

Byrjendalæsi leggur áherslu á að mæta þörfum hvers og eins við kennsluna. Nemendur vinna oft saman í hópum stórum sem smáum, en um leið er mikilvægt að hver og einn nemandi fái verkefni við sitt hæfi. Lögð er áhersla á virkni og sköpun á meðal nemenda, þegar nemendur læra eitthvað nýtt eru þá byggðar upp umræður um innihald og þannig mynda þeir tengsl á milli fyrri þekkingar og þeirrar nýju (Rúnar Sigþórsson og Gretar L. Marinósson, 2017).

Byrjendalæsi hefur verið þróað af samvirku læsislíkani þar sem grunnþættirnir eru samþættir við kennsluna, þar er lögð áhersla á bakgrunnsþekkingu þess sem les en ritmál, umskráning orða og inntak texta er kennt saman. Ef nemandinn þekkir til efnis sem lesið er þarf lesandinn ekki að nota umskráninguna eins mikið en ef nemandinn þekkir viðfangsefnið ekki nýtist umskráning við lestur textans. Heildaraðferðir er þegar nemandi les texta og styðst aðallega við innihald tungumálsins og við flókna uppbyggingu málsins. Eindaraðferðir er þegar samband bókstafsins og hljóðs er kennt. Það sem er sérstakt við samvirknilíkan er jafnvægið á milli heildaraðferða og eindaraðferða. Með þessu er lagt upp úr því að fjölbreyttar aðferðir eru notaðar til þess að eiga við talað mál, lestur, hlustun, umskráningu, hljóðavitund og ritun sem er þá flettuð saman í heild (Rúnar og Gretar, 2017).

Aðferðin skiptir ekki lestrarkennslunni niður í litlar einingar, litið er svo á að læsi sé samþætt. Við lestur á texta með nemendum er dýpra farið í orðaforða og hljóð bókstafa með umræðu og kennslu. Með aukinni færni nemenda er lögð frekari áhersla á sjálfstæði í vinnu á meðal þeirra. Lestrarkennslunni er skipt niður í þrjú þrep, í þessum kennsluþrepum eru

Þættir læsis settir saman sem ein heild og mikil áhersla lögð á fjölbreytni viðfangsefna og við skipulagningu á kennslu. Þrepin þrjú nýtast í kennslu yfir allan veturinn með misjöfnum viðfangsefnum, þrep eitt byrjar og þá er farið strax á þrep tvö og svo þrep þrjú (Rúnar og Gretar, 2017).

Gæðatexti er lesinn af kennara í fyrsta þrepi, slíkur texti getur verið ljóð, frásagnartexti eða fræðitexti og mikilvægt er að textinn sé merkingarbær, vekji áhuga nemenda og hæfi aldri þeirra (Rúnar og Gretar, 2017). Við lesturinn er mikilvægt að kennari skapi umræður um merkingu textans. Ef erfið orð koma í textanum stoppar kennarinn og útskýrir orðin en einnig leyfir kennarinn nemendum að spyrja spurninga um innihaldið og óþekkt orð. Að lestri loknum er mikilvægt að kennarinn rifji upp með nemendum innihald textans og einstök orð sem þeir þekktu ekki áður. Með þessu er lögð áhersla á að efla orðaforða og skilning nemenda (Rósa Eggertsdóttir, 2007).

Annað þrep kemur á eftir upplestri og viðræðum nemenda úr textanum þar sem unnið er með tæknivinnu. Þá er unnið með hljóðavitund, tengslin á milli stafs og hljóðs, ritun, samsett orð, lítinn og stóran staf. Lykilorð er valið frá þeim texta sem á að halda áfram að vinna með en nemendur fá þá fjölbreytt verkefni til að ræða og rannsaka. Orðið sem varð fyrir valinu á að innihalda tvo bókstafi sem vinna á sérstaklega með. Nemendur búa ýmist til önnur orð sem innihalda bókstafina eða mynda orð frá lykilorðinu sjálfu. Verkefni sem lögð eru fyrir nemendur eru við hæfi hvers og eins eftir því hvar þeir eru staddir í náminu (Rósa, 2007).

Þriðja þrepið í Byrjendalæsi er síðasta þrepið þar sem nemendur vinna að enduruppbyggingu textans. Verkefnin eru þar fjölbreytt þar sem nemendur fá að velja verkefni eftir innihaldi textans eða áhuga þeirra. Verkefnin eru ýmist að teikna, gera hugtakakort, semja texta og fleiri verkefni þar sem aðaláhersla er á hugmyndaflug nemenda. Það sem nemendur þurfa að hafa í huga er það efni sem farið var í á fyrsta þrepi (Rósa, 2007). Byrjendalæsi leggur áherslu á að lestur sé félagsleg athöfn þar sem byggt er á félagslegri hugsmíðahyggju, nemendur tengja lesefnið við fyrri þekkingu til að öðlast meiri skilning og þekkingu á því nýja sem nemendur læra (Rúnar og Gretar, 2017).

4 Fjölbreyttir kennsluhættir

Kennsla í lestri þarf fyrst og fremst að beinast að þeim þáttum sem rannsóknir sýna að hafi jákvæðustu áhrif á árangur barna, þættirnir eru hljóðkerfisvitundin sem er næmi nemandans fyrir uppbyggingu tungumálsins, lesfimi, umskráning og þá bæði fyrir stafsetningu og lesturinn, lesskilningur og orðaforði. Hér gæti verið gott að nýta fleiri en eina aðferð við kennslu og að miða að eflingu þessara færniþátta því nemendur hafa mismunandi nálgun, eru með misjafna kunnáttu og tíminn sem nemendur taka sér í að ná tökum á öllum þrepum lestrarþróunar er mislangur. Kennarinn þarf að hafa góða þekkingu á þróun lesturs til þess að geta mætt öllum nemendum sama á hvaða stað þeir eru í lestri. Mikilvægt er í lestrarkennslu að þróa einstaklingsmiðaða kennslu sem hæfir hverjum og einum nemanda með tilliti til þess að hafa verkefnin ekki of auðveld eða of erfið (Steinunn, e.d.d).

Stöðvavinna er ein af kennsluháttum sem kennarar nýta við kennslu, þar skiptir kennari bekknum niður í þriggja til fjögurra manna hópa, hver hópur er á hverri stöð í fimmtán mínútur. Með þessari aðferð er kennari að einblína á einstaklingsmiðun í kennslu þar sem hann er á einni stöð með aðeins þrjá til fjóra nemendur í einu. Kennarinn þarf því að skipuleggja hverja stöð vel, verkefnin þurfa að vera við hæfi hvers og eins, hann þarf að leita að námsefni sem henta vel til þjálfunar og þar sem ekki er þörf á beinni kennslu. Þar mætti til dæmis vera paralestur en kennarinn þarf að þjálfar nemendur áður í að lesa tveir og tveir saman. Ritunarverkefni er einnig góð þjálfun við lestrarnámið en hún þarf þá að tengjast því sem nemendur hafa lært áður. Kennarinn þarf að skipuleggja hvað þarf að vinna með við einstaklingskennslu, hvaða þjálfun þarfnast. Að vinna í þörum með þau viðfangsefni sem áður hefur verið unnið með er talið vera góð verkefni fyrir stöðvavinnu (Steinunn Torfadóttir, 2011).

4.1 Námsmat og kennsluhættir lesturs

Hver skóli skipuleggur vinnubrögð kennara, námsgögn, og kennsluaðferðir í lestrarkennslu. Þessir þættir sem og námsmatið þurfa að miðast við skilgreind hæfniviðmið og vera útfærðir þarf á þann hátt að hver og einn nemandi hafi möguleika á að ná þeim. Þau gögn sem skólar nýta til náms þurfa að vera í samræmi við aðalanámskrá og gildandi lög á hverjum tíma. Velja þarf út frá þeim hæfniviðmiðum sem hver námsgrein setur sér, efni í námi, matsaðferðir og kennsluaðferðir. Námsumhverfi og aðferðir við kennslu þarf að vera fjölbreytt ásamt því að hvetja og styðja við nemendur til þess að hver einstaklingur nái þeirri hæfni sem verið er að stefna að (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013).

Fagleg ábyrgð kennara er að velja þá leið sem er árangursríkust og mikilvægt er að hafa í huga að leiðirnar séu í samræmi við þau hæfniviðmið sem stefnt er að með kennslunni. Kennarar þurfa að veita nemendum vitneskju um hver sé ástæðan fyrir námsmatinu, til hvers ætlast er af þeim og hvernig nám þeirra er metið. Helsti tilgangur námsmatsins í íslensku er að sjá hvar nemendur eru staddir og nýta þær niðurstöður til þess að aðlaga kennsluna að þörfum þeirra og leiðbeina þeim. Mikilvægt er að námsmat sé sífellt í gangi hjá nemendum, meti ekki fá atriði heldur fjölbreytta hæfni þeirra (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013).

Tengsl þurfa að vera á milli hæfniviðmiða aðalnámskrár, námsmatsins og skólanámskrár. Við mat kennara á námi nemenda þurfa að koma fram skýrar upplýsingar um það hvar hver einstaklingur stendur og gera þeim grein fyrir því hvað þeir hafa lært og hvert muni vera næsta skref þeirra í náminu. Við lestrarkennslu þarf að meta leshraða, skilning nemenda á textum og hve fjölbreytta textagerðir einstaklingur getur lesið. Þegar talað er um fjölbreytt námsmat er til dæmis átt við mat á vinnu nemenda í hópum, mat á einstaklingsvinnu, sjálfsmat nemenda, og jafningjamat. Einnig er mikilvægt að meta framburð, tjáningu og framsögn nemenda. Fyrir þá nemendur sem standa illa í lestri eða ritun getur skimunarpróf komið sér vel til að greina vandann (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013).

4.2 Kostir og gallar aðferðanna

Steinunn Torfadóttir bendir á skýrslu The National Reading þar sem mælt er með að lestrarkennsla við fyrstu ár grunnskólagöngunnar sé framkvæmd samkvæmt Hljóðaaðferðinni. Eftir þessi þrjú ár ættu nemendur að hafa náð góðum tókum á umskráningarfærni þar sem þeir þurfa aðeins að beita henni við óþekkt orð (Steinunn, e.d.d). Rósa Eggertsdóttir talar um að textar sem tilheyra Hljóðaaðferðinni séu einfaldir og orðin of stutt til að efla orðaforða nemenda. Góður orðaforði er forsenda þess að ná góðum lesskilningi, Hljóðaaðferðina skorti aðferðir sem vekja áhuga nemenda (Rósa, 2007).

Samkvæmt fjölþjóðlegs samanburðar á lesskilningi barna í grunnskólum má sjá að stelpur standa sig betur en strákar á því sviði. Árleg skimun í lestri er gerð á meðal nemenda á öðru ári í grunnskóla og bendir það einnig til þess að munur sé á strákum og stelpum á færni í lestrinum. Frekari árangur hjá stúlkum en strákum eru taldar vera að þær eru oft jákvæðari gagnvart lestri og virðast nýta fleiri aðferðir sem þær telja henta sér til að ná árangri í lesskilningi. Val á lesefni sem nýtt er við lestrarkennslu höfðar oft betur til stúlkna en drengja en einnig hefur verið talað um að ein lestrarkennsluaðferð henti kannski ekki öllum í

beknum og því gæti betri árangur náðst með bæði kynin ef notaðar væru fleiri en ein aðferð
(Freyja Birgisdóttir, e.d.).

5 Árangursrík lestrarkennsla

Viðtal var tekið við tvo samkennara, þeir kenna á yngsta stigi í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Kennarar skólans kenna eftir Byrjendalæsi en námskeið um aðferðina var haldið í skóla þeirra árið 2008 og eftir það hefur þessi aðferð verið í notkun. Þeir kennarar sem rætt var við kenna saman öðrum bekk og byrjuðu þeir með þennan nemendahóp í fyrsta bekk. Áður en kennararnir tóku að kenna fyrsta bekk kenndu þeir þriðja og fjórða bekk og annar þeirra sá um sérkennslu fyrir nemendur sem á þurftu að halda þar sem hann nýtti Hljóðaaðferðina. Kennararnir höfðu orð á því að þegar þeir tóku við fyrsta bekk voru þeir ekki alveg vissir um hvernig kennslufyrirkomulag þeir ættu að hafa við lesturinn og því kom námskeið í Byrjendalæsi eins og „himnasending“ líkt og annar kennarinn orðaði það.

Kennararnir nýta sér ekki aðeins eina kennsluaðferð við lestrarkennslu heldur grípa einnig í Hljóðaaðferðina, kennslufyrirkomulagið er þó eftir Byrjendalæsi. Með kennsluskipulagi samkvæmt Byrjendalæsi er lögð áhersla á vinnu út frá gæðatexta, þannig kynnist bekkurinn nýjum og fjölbreyttum orðaforða samhliða lestrarkennslunni. Í fyrsta bekk er tekið út lykilorð úr gæðatextanum og unnið með tvö hljóð orðsins líkt og lýst hefur verið í þrepi eitt og tvö í kaflanum um Byrjendalæsi. Kennararnir bentu á að vinna með tvö hljóð hentar líklega ekki öllum og þá er bara eitt hljóð tekið í einu líkt og við Hljóðaaðferð. Við byrjun lestrarkennslu þeirra lögðu þær aðeins inn eitt hljóð í einu eða þangað til að nemendur skildu tengsl bókstafa og hljóða en þá gátu þær unnið með tvö hljóð í einu. Kennararnir höfðu orð á því að furðulegt væri að tala um Hljóðaaðferð og Byrjendalæsi sem eitthvað sitt hvort, lestur er svo flókið ferli að það er um að gera að nýta sér allt, það sem einn tileinkar sér hentar kannski ekki öðrum.

Annar kennarinn bendir á að við þrepavinnu Byrjendalæsis er þrep tvö, tæknilega hlið lestursins „þjúra Hljóðaaðferð“. Það sem þeir telja henta við Byrjendalæsi er fjölbreytileiki verkefna og vinnubrögð sem nýtt eru við kennslu. En líkt og komið hefur verið inn á eru kennararnir að nýta sér Hljóðaaðferðina en fara jafnframt í gegnum þrjú þrep Byrjendalæsis. Fyrst er þessi gæðatexti og farið þá vel yfir orðaforðann, svo er það tæknilega hlið lestursins, þriðja þrepið er svo uppbygging, nemendur nýta þá þennan orðaforða og tæknilegu hlið þreps tvö. Það sem nýtist þessum kennurum vel við kennslufyrirkomulag Byrjendalæsis er að

aðferðin hugar að fleiri atriðum lesturs en aðeins tæknilegu hliðinni, aðferðin leggur þó áherslu á tæknilega hlið lestursins líka en við það grípa kennarar til Hljóðaaðferðarinnar.

Munurinn sem kennararnir töldu vera á aðferðunum tveimur er til dæmis í byrjun aðferðanna þar sem unnið er með gæðatexta í Byrjendalæsi en hljóðsögu þegar unnið er með Hljóðaaðferð. Kennararnir nýta bæði hljóðsögu og texta sem tilheyra Hljóðaaðferðinni og textagerðir Byrjendalæsis, byrjað er á bókum Byrjendalæsis og til þess að leggja frekari áherslu á hljóðið og bókstafinn nota kennararnir texta og verkefni sem tilheyra Hljóðaaðferðinni. Þegar unnið er að tæknilegri hlið lestrarkennslunnar nýtast vinnubækur Lestrarlandsins og tilheyrir hún Hljóðaaðferðinni. Lestrar- og vinnubækur Lestrarlandsins innihalda texta sem er auðveldur til lesturs og nemendur geta lesið sjálfir en einnig hafa bækurnar flóknari texta sem kennarar lesa fyrir nemendur. Einn texti fylgir hverjum bókstaf og orðin innihalda þá bókstafi til að leggja áherslu á hljóð og myndum stafsins. Í vinnubókinni eru svo verkefni þar sem lögð er áhersla á hvern bókstaf fyrir sig, finna hljóð í orði, skrifa bókstafinn niður og svo framvegis.

Kennarar tala um mun á sögum aðferðanna að frekari áhersla er á orðaforða í Byrjendalæsi þar sem nemendur kynnast nýjum orðum og vinna með þau. Við það að fara djúpt í orð textans og byggja upp umræður eykst skilningur nemenda en einnig við það að endurskrifa textana. Kennarar leggja áherslu á kennslu í ritun samhliða lestri, þar hentar gæðatextar Byrjendalæsis þar sem innihaldið í Byrjendalæsisögum hefur að geyma fjölbreyttara orðalag en í Lestrarlandinu. Kennarar töluðu þó um að gott væri að grípa til bóka Hljóðaaðferðarinnar til að hjakkast betur á því hljóði og þeim bókstaf sem nemendur eru að læra.

Rík áhersla er lögð á að fara aftur yfir stafi og hljóð í öðrum bekk en alls ekki á sama hátt og áður, þannig ná kennarar að fylgjast með þeim nemendum sem ekki hafa náð tökum á öllum bókstöfum, og geta þar með kennt þeim nemendum einstaklingslega eða útvegað lestrarbækur sem henta hverjum og einum. Við yfirferð bókstafanna vinna kennarar aftur með lykilorð og fara þá í alla bókstafi orðsins, hljóð og heiti þeirra. Samhliða lestrarkennslunni læra nemendur umskráningu orða, þegar fleiri en einn bókstafur hefur verið kenndur eru nemendur að láta bókstafina „heilsast“ það er að segja tengja þá saman og mynda orð. Stöðvavinna er mikið notuð við kennsluna, unnið er með ólík verkefni og jafnvel valið eitthvað sem talið er að sumir nemendur þurfi að læra betur, en þeir sem kunna

atriðin vel nýta verkefni til upprifjunar. Með þessu móti læra nemendum einnig að hjálpast að þar sem þeir vinna í hópum eða pörum.

Byrjendalæsi telja kennararnir bjóða upp á gott kennsluskipulag sem inniheldur meiri fjölbreytni en Hljóðaaðferðin. Þeim finnst þeir fylgjast betur með og breyta oft um aðferð til þess að koma til móts við alla, mikilvægast er að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Annar kennarinn útskýrði einstaklingsmiðað nám sem meiri fjölbreytni í vinnubrögðum þar sem nemandinn getur alltaf fundið sig einhverstaðar í þeim verkefnum sem hann er að leysa. Þeir sem kenna aðallega eftir Hljóðaaðferð útfæra líklega fjölbreytnina á annan máta, til dæmis út frá heildstæðu þema, en kennslufyrirkomulag Byrjendalæsis mætti líkja við eitthvert tiltekið þema sem unnið er að. Nauðsynlegt er að vinna með margskonar verkefnavinnu til að mynda hugarkort, stöðvavinnu, nám í leik og samlestur, þar sem nemendur lesa í pörum, jafnvel lesa fyrir hvorn annan og hjálpast þannig að.

Við nýtingu á fleiri en einni aðferð fá nemendur fjölbreyttari kennslu og finna þá alltaf eitthvað sem hentar þeim við lærdóminn. Kennarar nýta oft kennslufyrirkomulag Byrjendalæsis við fleiri námsgreinar en íslensku þar sem, unnið er með orð textans, tæknilegu hlið lestrar og enduruppbyggingu í lokin. Sem dæmi má nefna samfélagsfræðina en þar eru textar lesnir, kennarar taka út lykilorð til að vinna með og nemendur vinna svo með innihald textans til dæmis með því að gera útdrátt eða hugarkort.

Nemendur á þessum aldri þurfa stýringu í náminu og því eru verkefni og kennslan oftast skipulögð af kennurum, en nemendur fá að velja sér bækur á bókasafni. Þessar bækur eru mikið notaðar til yndislesturs í upphafi skóladags en þá velur hver nemandi bók sem hann hefur áhuga á og les í sínu sæti í hljóði. Þessi aðferð eflir áhuga nemenda á lestri þar sem þeir velja sjálfir bækurnar og textann. Annar kennarinn sagði að „til að vera góður námsmaður þá þarftu bara að kunna margar aðferðir og þá finnur nemandi eitthvað sem hentar sér sjálfum, slæmt er að líða illa við einhæfa kennslu“. Að mati kennaranna þarf kennsla í íslensku að vera margþætt því betri árangur og skemmtilegri heild næst með báðum aðferðum, en kennari þarf að vera trúr ferlinu og sleppa ekki neinu.

6 Umræður og niðurlag

Bakgrunnur nemenda er ekki sá sami það er að segja þegar kemur að kennslunni sem þeir hafa fengið heima fyrir og í leikskólanum ásamt því að það móðurmál sem þeir hafa alist upp við er ekki alltaf íslenska. Kennarinn skipuleggur kennsluna út frá þeim nemendahóp sem hann hefur hverju sinni. Einnig er hægt að flétta saman fleiri en einni aðferð sem og samþætta námsgreinar með aðferðum. Í Aðalnámskrá grunnskóla 2013 er lögð áhersla á fjölbreytni við kennslu, einstaklingsmiðað nám og að kennarar noti öll þau tæki og tól sem til eru.

Byrjendalæsi leggur áherslu á gæðatextann sem valinn er við byrjun kennsluþrepanna, kennslunni er þar ekki skipt í litlar einingar við byrjun heldur er textinn það sem unnið er með og út frá honum skoðar kennarinn með nemendum orðin, hljóðin og bókstafina með umræðu (Runar og Gretar, 2017). Hljóðaaðferðin leggur frekari áherslu á lögmál bókstafanna og að nemendur átti sig á að hljóðin eru tákn bókstafanna í orðinu. Í upphafi kennslu eftir Hljóðaaðferð byrja nemendur á því að læra stök hljóð og lesa í framhaldi af því texta sem fylgir hverjum bókstaf og umskráning er kennd samhliða innlögnum (Björgvin, Ragnheiður og Þóra, 1993). Hljóðaaðferðin byrjar því á grunneiningunum á meðan Byrjendalæsi byrjar á heildinni, orðum og setningum.

Með Hljóðaaðferð er aðeins einn bókstafur kenndur í einu, en við gæðatexta Byrjendalæsis er unnið með tvo bókstafi. Byrjendalæsi byggir á félagslegri hugsmíðahyggju, nemendur tengja námsefnið við fyrri þekkingu til að öðlast frekari skilning (Runar og Gretar, 2017). Ekki kemur fram hjá Hljóðaaðferðinni að byggt er á félagslegri hugsmíðahyggju en Hljóðaaðferðin tengir einnig tákn bókstafa við reynsluheim nemenda (Björgvin, Ragnheiður og Þóra, 1993). Líkt og kemur fram í viðtali við kennarana hafði annar kennarinn verið með sérkennslu fyrir börn með lestrarörðugleika og nýtt þar Hljóðaaðferðina, þar með má velta fyrir sér hvort hægt sé að nýta Byrjendalæsi við sérkennslu. Ef Byrjendalæsi er notað er líklega kennt eftir þrepi 2, tæknivinnu og þar er líkt og kennarar sögðu „þjúra Hljóðaaðferð“.

Ragnheiður Gestsdóttir og Ragnheiður Hermannsdóttir, 1995 tala um í bókinni það er leikur að læra að ýmiss vinnubrögð sem viðhöfð eru í lestrarkennslu má einnig nota við aðrar námsgreinar. Í viðtali við kennara má sjá að hægt er að gera það með fyrirkomulagi Byrjendalæsis þar sem kennararnir nota þrepa vinnuna við Samfélagsgreinar, texti er lesinn, tekið út lykilorð og unnið með tæknilega hlið lestursins og nemendur vinna svo með innihald

textans. Hér gæti verið gaman að sjá hvort hægt sé að nota kennsluhætti

Hljóðaaðferðarinnar við aðrar námsgreinar. Fjölbreytni skiptir máli við kennslu, því er kostur að nota allt sem til er.

Aðalnámskrá grunnskóla 2013 segir að námsmat og kennsluhættir þurfi að vera fjölbreytt og námsmat þarf að vera sífellt í gangi. Þegar talað er um fjölbreytt námsmat má ekki meta fá atriði heldur fjölbreytta hæfni, tilgangurinn er að sjá hvar nemandinn er staddur, þannig getur kennarinn aðlagð kennsluna að þörfum nemenda. Kennararnir sem tekið var viðtal við viðhalda þessari fjölbreytni, taka að þeirra mati það besta úr hvorri aðferð, ef nemendur ná ekki tókum á lestrarkennslunni nýta kennararnir aðrar aðferðir til að aðstoða nemendur við að ná tókum á námsefninu.

7 Lokaorð

Mikilvægt er að vanda til lestrarkennslu og einstaklingsmiða hana að þörfum nemenda. Í einum grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu er Byrjendalæsi og Hljóðaaðferð samþætt en einnig fleiri aðferðir og kennsluhættir flétt saman við þar mætti nefna stöðvavinnu, yndislestur, hópavinna, paravinna og svo lengi mætti telja. Höfundur telur mikilvægt að viðhalda fjölbreytni við kennslu þar með talið verkefnavinnu, kennsluaðferðir og kennsluhættir. Áhersla í kennslu þarf að vera á nemendum og fara eftir þeim hópi sem kennt er.

Ritgerð þessi hefur gefið mér betri innsýn í lestrarkennslu og hvernig kenna má með fjölbreyttum aðferðum og kennsluháttum. Af minni háskólagöngu fékk ég aðeins kennslu í því hvernig nota má Hljóðaaðferð á vettvangi. Höfundur telur Hljóðaaðferð og Byrjendalæsi ekki vera ólíkar aðferðir og hafa svipuð markmið en kennsluhættirnir geta verið misjafnir. Til þess að ná sem bestum árangri með kennslunni þurfa kennarar að fá kennslu í þeim aðferðum sem til eru og nota allt það besta við kennsluna.

Heimildaskrá

- Barbara Combs. (2012). *Assessing and Addressing Literacy Needs: Cases and Instructional Strategies*. Los Angeles, Calif. : SAGE, c2012
- Björgvin Jósteynsson, Ragnheiður Hermannsdóttir og Þóra Kristinsdóttir. (1993). *Við Lesum. Lestrarbók A kennsluleiðbeiningar*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Freyja Birgisdóttir. (2011, 31. desember). Þróun læsis frá fjögura til átta ára aldurs. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af: netla.hi.is/menntakvika2011/005.pdf
- Freyja Birgisdóttir. (e.d.). Lesvefurinn: *Kynjamunur og læsi*. Sótt af: <http://lesvefurinn.hi.is/node/148>
- Helga Sigurmundsdóttir. (2011a). Að þjálfaræfni í hljóðkerfis- og hljóðavitund. Í Steinunn Torfadóttir (ritstjóri). *Leið til læsis: Lesskimun fyrir fyrsta bekk grunnskóla – Handbók*. (bls. 63 – 84). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Helga Sigurmundsdóttir. (2011b). Að þjálfaræfni í umskráningu. Í Steinunn Torfadóttir (ritstjóri). *Leið til læsis: Lesskimun fyrir fyrsta bekk grunnskóla – Handbók*. (bls. 85 – 92). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Að mörgu er að hyggja. Handbók um undirbúning kennslu*. Reykjavík : IÐNÚ
- Ingvar Sigurgeirsson, (2013). *Litrof kennsluáðferðanna, handbók fyrir kennara og kennaraefni*. Reykjavík: IÐNÚ.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Ragnheiður Gestsdóttir og Ragnheiður Hermannsdóttir. (1995). *Það er leikur að læra. Kennarabók*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Rósa Eggertsdóttir. (2007). *Byrjendalæsi*. Sótt af https://www.msha.is/static/files/rosa-skimugrein_lit2007.pdf
- Rúnar Sigþórsson og Gretar L. Marínósson. (2017). *Byrjendalæsi: Rannsókn á innleiðingu og áðferð*. Akureyri : Háskólaútgáfan ; Háskólinn á Akureyri
- Steinunn Torfadóttir. (2011). Er hægt að veita öllum börnum kennslu við hæfi? Stigskipt kennsla (RTI). Í Steinunn Torfadóttir (ritstjóri). *Leið til læsis: Lesskimun fyrir fyrsta bekk grunnskóla – Handbók*. (bls. 35-43). Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Steinunn Torfadóttir. (e.d.a) *Lesvefurinn: Hljóðaaðferð*. Sótt af

<http://lesvefurinn.hi.is/hljodaadferd> 1999?

Steinunn Torfadóttir. (e.d.b) *Lesvefurinn: Hvað er lestur*. Sótt af

http://lesvefurinn.hi.is/hvad_er_lestur 1999?

Steinunn Torfadóttir. (e.d.c) *Lesvefurinn: Kenning Ehri*. Sótt af

<http://lesvefurinn.hi.is/node/177> 1999?

Steinunn Torfadóttir. (e.d.d) *Lesvefurinn: Nálganir í kennslu*. Sótt af

<http://www.lesvefurinn.hi.is/node/159> Page not found.

Penny Doherty (2015). Phonics Instruction. Types of phonics instructional methods and approaches. *Í National Reading Panel*. Sótt af

<http://www.readingrockets.org/article/phonics-instruction>

8 Fylgiskjal

Listi af spurningum sem höfundur hafði til stuðnings í viðtali við kennara.

Hvaða kennsluaðferðir hafið þið verið að nýta ykkur við lestrarkennslu ?

Eiga Byrjendalæsi og Hljóðaaðferð eitthvað sameiginlegt ?

Finnst ykkur vera munur á þessum tveimur aðferðum og ef svo er þá hvaða munur ?

Finnst ykkur þessar aðferðir þjóna mismunandi tilgangi, ef svo er þá hvernig ?

Eruð þið meðvitaðar um það hvenær þið notið hvora aðferð fyrir sig ?

Teljið þið það gefa betri árangur að flétta aðferðum saman eða teljið þið aðra aðferðina henta betur en hina ?

Hvernig teljið þið best að framkvæma lestrarkennslu með ólíkan nemendahóp ? Af hverju ?

Hvaða aðferðir gefa best og hvers konar skipulag ?

Fara aðferðir ykkar eftir nemendahópnum ?

Er eitthvað sem þið teljið að geti skipt máli í þessu sambandi sem ekki hefur komið fram ?